

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Þórir Dan Jónsson

FREMRA - SELVATN, REYKJAFJARDARHREPPI, N-ISF.

Niðurstöður hreisturlesninga.

Borgarnesi, mars 1983

Valdimar Gunnarson og Gunnar Valdimarsson.

Kærar þakkir fyrir hreistursýni af 22 urriðum úr Fremra-Selvatni, veiddum 20-21/8 og 18/9 1980.

Samkv. uppl. Gunnars hefur veiðin í Fremra - Selvatni verið heldur lítið stunduð til þessa. T.d. hefur árleg veiði frá Heydal numið þetta 20-30 fiskum á ári, en eitthvað er veitt frá öðrum bæjum.

Í Fremra-Selvatn renna smálækir og hafa fiskseiði sést í þeim. Úr vatninu fellur svo Karlmannaá, en u.þ.b. 200 m. fyrir neðan ósinn úr vatninu er hár foss sem er ófiskgengur. Má gera ráð fyrir því að eitthvað af urriða fari niður fossinn og "týnist" þannig.

Niðurstöður aldursgreininga á hreistri.

Tafla 1. sýnir aldursdreifingu urriðans, meðallengd hvers árgangs og útreiknaða meðallengd í lok hvers vetrar. Tölurnar eru settar upp í vaxtarlínurit á mynd 1. Ennfremur sýnir taflan þyngdarstuðul (K) hvers árgangs. Stuðullinn sýnir hlutfallið milli þyngdar og lengdar, eða holdafar fisksins. Urriði í meðalgóðum holdum hefur $K=1.0$. Því feitari sem fiskurinn er, þeim mun hærra K og öfugt. Þyngdarstuðullinn (K) var reiknaður út samkvæmt formúlu Fultons.

$$K = \frac{\text{þyngd (g)} \times 100}{\text{lengd}^3 \text{ (cm)}}$$

Af töflu 1 og mynd 1 má sjá að vöxturinn er góður 7 fyrstu árin en síðan fer að draga nokkuð úr honum, þá um 32 cm. Ennfremur sést í töflunni að 5 ára fiskar (og líklega yngri fiskar) eru vel feitir, en 6 ára fiskur og eldri er rétt í meðallagi feitur.

Þessi atriði ásamt því að nokkuð er um gamlan fisk bendir til þess að vatnið sé nokkuð þéttsetið og vanveitt. Því er rétt að auka veiði eitthvað en hugsanlega þolir vatnið ekki mikla veiði sé tekið tillit til þess að hrygningarsvæði fyrir urriða eru af skornum skammti, en urriði þarf straumvatn til að hrygna í. Það er alls ekki ráðlegt að setja bleikju í vatnið, hún gæti hæglega ofsetið vatnið, en því miður eru til allt of mörg dæmi um slíkt að bleikjuútsetningar í urriðavötn hafi eyðilagt vötnin.

Heppileg möskvastærð gæti verið 16 og 18 cm/alin (39.5 og 35 mm á legg).

Tafla 1. Útreiknaðar lengdir á urriða úr Fremra-Selvatni veiddum 20-21/8 og 18/9 1980

Aldur	Árgangur	Fjöldi	Lengd	l ₁	l ₂	l ₃	l ₄	l ₅	l ₆	l ₇	l ₈	l ₉	l ₁₀	l ₁₁	l ₁₂	K
3 ⁺	1977	1	17.0	6.2	11.1	14.4										1.22
4 ⁺																
5 ⁺	1975	4	26.5	4.6	8.9	12.9	18.4	23.2								1.18
6 ⁺	1974	5	32.7	4.9	9.2	13.6	18.0	23.6	29.1							1.01
7 ⁺	1973	6	36.1	5.2	9.1	12.7	17.6	22.9	28.4	33.1						1.01
8 ⁺	1972	3	40.0	5.2	9.1	12.7	17.3	23.3	29.8	35.7	38.8					1.01
9 ⁺	1971	2	44.5	4.7	8.5	13.1	19.1	24.6	30.0	35.2	38.7	42.5				1.04
10 ⁺																
11 ⁺																
12 ⁺	1968	1	45.0	4.8	8.9	13.1	17.3	21.0	25.1	29.3	33.0	36.7	40.3	42.2	43.6	0.84
Meðaltal.				5.0	9.1	13.1	17.9	23.0	28.8	33.8	37.8	40.6				

l₁ = útreiknuð meðallengd við 1. vetur

l₂ = útreiknuð meðallengd við 2. vetur o.s.frv.

MYND 1.

FREMRA SELVATN.

VAXTARLÍNURIT FYRIR VRRIDA VEIDDAN 1980.

LENGD
1 cm.

